

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og heilbrigðisráð

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem lagt var fram í borgarráði 17. sept. 2020 og vísað var til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs:

***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að endurskoða áætlun um að auka votlendi í Úlfarsárdal - R20090114***

*Áætlað er að auka votlendi í Úlfarsárdal. Það er vel, en þar vantar mikið upp á undirbúningsvinnu. Samkvæmt verkefninu „endurheimt votlendis – Úlfarsárdalur“ á að bjóða verkefnið út núna en það er að hirða rusl o.fl. fylla upp í þverskurði. Reiknað er með að varðveita votlendisgróður. Verkið á að hefjast í september og ljúki áður en varp fugla hefjist á næsta ári. Flokkur fólksins leggur til að þessu útboði verði frestað því að svona vinnubrögð ganga ekki.*

*Verktaki sem fær verkið hefur líklega ekki sérfræðinga á sínum snærum sem geta greint gróður seint að hausti eða um hávetur og allra síst votlendisplöntur sem eru komnar í vetrarham. Þess vegna eru kröfur um að varðveita einhverjar plöntutegundir marklausar, því að ekki verður unnt að fara eftir því. Ekkert verður hægt að segja um hvort líffræðileg fjölbreytni aukist eða minnki.*

*Verktaki á að loka skurðum en búa til einhverjar tjarnir. Andfuglar nýta tjarnir og í stórum tjörnum er hægt að gera hólma. Þá fá andfuglar frið frá t.d. heimilisköttum til koma ungunum á legg.*

*Teikna þarf upp hvernig verkið skal vinna. Eftir slíka vinnu er tímabært að bjóða verkið út.*

### Umsögn.

Reynsla fékkst af sambærilegu verki í Úlfarsárdal þegar 1. áfangi endurheimtar var unninn 2019.

Hönnun 2. áfanga er ekki lokið en hún verður unnin á svipaðan hátt og fyrri áfangi og í samstarfi við deild náttúru og garða þar sem er sérfræðipækning á lífríki. Mat á gróðurfari verður ekki sett í hendur væntanlegs verktaka.

Ekki liggur fyrir hvenær sjálf framkvæmdin hefst en 1. áfangi var unnin í apríl 2019 og gafst það ágætlega.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða